

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 26/2011.

Reykjavík, 8.07.2011

2011030202

Efni: Sölustöðvun og innköllun af markaði á fæðubótarefni **Sunny Green Kelp Nutrient Dense Algae** þar sem í ráðlögðum daglegum neysluskammti er of mikið af steinefni **joði**.

Heilsa ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði fæðubótarefnið **Sunny Green Kelp Nutrient Dense Algae** þar sem í ráðlögðum daglegum neysluskammti, samkvæmt upplýsingum á umbúðum vörunnar, er of mikið af **joði**.

Vörumerki: Sunny Green.

Vöruheiti: Kelp Nutrient Dense Algae.

Framleiðandi: Nutraceutical Corp. í Bandaríkjunum.

Innflytjandi: Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.

Dreifing: Heilsuhúsið Akureyri, Laugavegi, Lágmúla, Selfossi, Kringlunni, Smáratorgi og Keflavík, Fjarðarkaup, Apótek Garðabæjar, Yggdrasill, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lyfja Setbergi (Apótekið Setbergi), Egilsstöðum og Lágmúla.

Í ráðlögðum daglegum neysluskammti **Sunny Green Kelp Nutrient Dense Algae** eru 1040 µg (míkrógrömm) af **joði**. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hefur metið efri öryggismörk fyrir neyslu **joðs** 600 µg á dag. Ráðlagður dagskammtur (RDS) **joðs**, samkvæmt reglugerð, er 150 µg á dag.

Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru eru beðnir um að hætta að nota hana og farga henni eða skila til Heilsu ehf. gegn endurgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Heilsu ehf. í síma 533 3232.

